verkfæri handa yfirsetukonu. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 10. apríl þ. á., hafið þjer sent hingað tilmæli hjeraðslæknisins í 11. læknishjeraði, um að yfirsetukonunni í 12. yfirsetukvennahjeraði þingeyjarsýslu verði lögð ný yfirsetuverkfæri, af því að hún hafi misst verkfæri sín í á eina, sem hún þurfti yfir að fara til að vitja sjúklings, og hafið þjer lagt það til, að yður yrði veitt heimild til að afhenda henni ein verkfæri af þeim, sem þjer hafið undir hendi. **74** 31. maí.

Útaf þessu skal jeg gefa yður til vitundar, að af því að í yfirsetukvennalögum, 17. des. 1875 4. gr., er eigi heimild til að kosta nema einu sinni verkfæri handa yfirsetukonum úr landssjóði, sje jeg mjer ekki fært að verða við ofangreindum tilmælum hjeraðslæknisins.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um skaðabótarkröfu Thomsens kaupmanns útaf 2. gr. viðaukalaga 11. maí 1876. — Í brjefi, sem hjermeð fylgir eptirrit af, hefur H. Th. A. Thomsen kaupmaður farið þess á leit, að honum verði af landssjóði nægilega bættur skaði sá, er hann verður fyrir við það, að hæstirjettur hefur í dómi 8. f. m., sem eptirrit einnig fylgir eptir, álitið að bann það, sem 2. gr. laga 11. maí 1876 inniheldur gegn því, að veitt sje í ám með þvergirðingum, verði heimfært upp á laxveiðar hans í Elliðaánum. **75** 6. júní.

Í tilefni af þessu skal þjónustusamlega skorað á yður, herra landshöfðingi, að gefa beiðandanum til vitundar, að ráðgjafinn getur eigi sjeð, að hann eigi heimting á nokkrum skaðabótum af landssjóði fyrir það, þó hæstirjettur hafi álitið nefnt bann vera friðunarákvörðun, sem ætti við laxveiðarnar í Elliðaánum, og þess vegna dæmt svo, að hann hefði eigi rjett til að viðhafa þá sjerstöku veiðiaðferð, þvergirðingar, sem hingað til hefur verið höfð við veiðarnar í nefndri á, allrasízt þegar þess er einnig gætt, að í afsalsbrjefinu 11. des. 1853 er beinlínis sagt, að stunda megi veiðarnar «samkvæmt tilskipunum þeim er á Íslandi sjeu út komnar eða út muni verða gefnar um veiðarnar», og engu fremur getur, að áliti ráðgjafans, orðið spurning um, að byggt verði eins og hjer stendur á, nokkur skaðabótakrafa til landssjóðs á 50. grein stjórnarskrárinnar, en því hefur beiðandi viljað halda fram.

Brjef innanríkisstjórnarinnar *til landshöfðingja* um greiðari afhendingu á böggulsendingum frá Íslandi í Kaupmannahöfn. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. janúar þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi það, er hjer með endursendist, og þarsem nokkrir embættismenn í Reykjavík og alþingismaður, dr. phil., Gr. Thomsen æskja þess, að böggulsendingar þær, er hingað koma frá Íslandi með póstgufuskipunum, verði afhentar viðtakendum, án þess að þær fyrst verði rannsakaðar af tollstjórninni. **76** 15. júní.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða að gefa yður til vitundar, eptir að málið hefur verið borið undir aðalstjórn skattamálanna, að ráðstöfun mun gjörð til þess, að hinar umræddu póstsendingar verði þegar í stað rannsakaðar á tollbúðinni af tollstjórninni eptir beiðni póststjórnarinnar, og að bögglar þeir, sem eptir rannsókn þessa verða taldir til þeirra tveggja flokka, sem bráðum verða nefndir, þegar í stað munu verða afhentir póststjórninni til fullkominna umráða og frekari afhendingar til viðtakenda. Til þessara tveggja flokka teljast:

1, bögglar þeir, sem sendandi hefur vottað um, annaðhvort á tilvísunarbrjefinu